



Starfsreglur Félags sjúkraþjálfara

FÉLAGSAÐILD

Reykjavík, 16.1.2024

Tilgangur starfsreglna:

Er til að skýra túlkun á ákvæði 2. Kafla – 4. – 7gr. (Aðild að félaginu og úrsögn) í lögum Félags sjúkraþjálfara

Mikilvægt er að skýrar upplýsingar séu til staðar fyrir starsfmenn félagsins og félagsfólk allt til að tryggja samræmi og jafnræði í afgreiðslu mála er viðkemur félagsaðild.


Félagið skiptist í fagdeild og kjaradeild og skulu sjúkraþjálfarar vera með fulla aðild og því í báðum deildum nema rökstuðningur sé fyrir öðru skv. lögum félagsins [Microsoft Word - Lög2023.docx \(sjukrathjalfun.is\)](#) og starfsreglum þessum um félagsaðild.

Efnisyfirlit:

Bls. 2.	Skilyrði um félagsaðild – full aðild, fagaðild, kjaraaðild, nemaaðild
Bls. 2.	Full aðild
Bls. 3.	Fagaðild eingöngu
Bls. 4.	Kjaraaðild eingöngu
Bls. 5.	Nemaaðild
Bls. 5.	Félagsgjöld Félags sjúkraþjálfara
Bls. 6.	Gjöld í sjóði
Bls. 6.	Úrsögn
Bls. 6.	Réttindi og skyldur
Bls. 7.	Málskot



4.gr. Skilyrði um félagsaðild – full aðild, fagaðild, kjaraaðild, nemaaðild



Til þess að geta sótt um „Fulla aðild, Fagaðild eða Kjaraaðild“ að Félagi sjúkráþjálfa þarf viðkomandi að hafa hlotið íslenskt starfsleyfi sem sjúkráþjálfi frá Embætti Landlæknis.

Nemaaðild geta þeir sótt um sem hafa lokið amk. einu ári af námi á háskólastigi í sjúkráþjálfun og teljast vera virkir í námi. Með virkir í námi er því ekki átt við einstaklinga sem ljúka einu ári og hætta svo í kjölfarið og teljast ekki í því ferli að sækja sér starfsréttindi sem sjúkráþjálfarar.

Full aðild:

Miðað er við félagsaðild þeirra sem sækja um aðild að Félagi sjúkráþjálfa sé full aðild. Í því felst aðild að bæði fagaðild og kjaradeild félagsins. Nýtur þá einstaklingur fullra réttinda sbr. útlitun fagaðildar og kjaraaðildar hér að neðan.

Undantekningar frá fullri aðild geta falist í:

- Að viðkomandi starfi ekki sem sjúkráþjálfi og ekki á eða eftir þeim samningum sem Félag sjúkráþjálfa gerir fyrir hönd sjúkráþjálfa á Íslandi. Þá getur viðkomandi óskað eftir að vera eingöngu í fagaðild.*
- Að viðkomandi óski sérstaklega eftir því að vera ekki með fagaðild, og vera þá eingöngu í kjaradeild félagsins.*



Fagaðild eingöngu:

Þeir einir sem ekki starfa sem sjúkrálfarar eða þeir sem starfa ekki eftir þeim samningum sem Félag sjúkrálfara gerir geta verið með fagaðild eingöngu. Ekki er því mögulegt að starfa sem sjúkrálfari eftir samningum félagsins og vera eingöngu með fagaðild. Dæmi um þá sem geta sótt eingöngu um fagaðild eru þeir sem starfa hjá fyrirtækjum á almennum markaði og því eftir öðrum kjarasamningum eða stofnanasamningum sem geta „tilheyrt“ öðrum stéttarfélögum s.s. háskólum eða öðru slíku þó viðkomandi sé heimilt að vera í Félagi sjúkrálfara kjósi hann það. Sjálfstætt starfandi sjúkrálfarar sem starfa sem slíkir geta því ekki verið með fagaðild eingöngu.

Innifalið í fagaðild eingöngu:

Þá hefur viðkomandi rétt til að sækja fagviðburði sem félagið stendur fyrir á lægri kjörum heldur en þeir sem ekki eru með fagaðild, t.d. Almenna fræðsludagskrá, Dag sjúkrálfunar og námskeið fræðslunefndar Félags sjúkrálfara. Afsláttur á hvert námskeið á vegum fræðslunefndar nemur amk. árgjaldi í fagdeild félagsins. Einnig er vert að hafa í huga að félagsaðild gefur forgang á skráningu á námskeið sem og forgang á biðlista eftir námskeiðum fræðslunefndar. Afhent eintak af fagtímariti Félags sjúkrálfara „Sjúkrálfaranum“ sem er tímarit í 10. stiga flokki og birtir vísindagreinar auk ýmissa annarra upplýsinga. Einnig gefur fagaðild einstaklingum möguleika á að sækja um styrki í Vísindasjóð Félags sjúkrálfara, sem styrkir rannsóknir og verkefni sjúkrálfara og því faglega framþróun fagsins.

Þess má einnig geta að með félagsaðild gerir þú félaginu kleift að standa fyrir viðburðum, endurmenntun, þjónusta og vinna að faglegum hagsmunum félagsfólks og sjúkrálfunar. Félag sjúkrálfara er með eitt öflugasta starfið á sviði endurmenntunar fyrir félagsfólk á Íslandi af fag- og stéttarfélögum.



Kjaraaðild eingöngu:

Þeir aðilar sem óska þess sérstaklega að vera ekki með fagild geta óskað eftir því að vera með kjaraaðild eingöngu. En þeir njóta þá ekki þeirra réttinda sem eru innifaldir í fagaðild er viðkemur forgangi á námskeið, lægri námskeiðsgjöldum og lægri gjöldum á aðra viðburði félagsins er teljast fagtengdir. Kjaradeildin er sá hluti starfseminar sem fellur undir stéttarfélagshluta félagsins, en félagið er skilgreint skv. lögum þess sem fag- og stéttarfélag. Með aðild að kjaradeild félagsins öðlast viðkomandi rétt til greiðslna í sjóði BHM.

Innifalið í kjaraaðild eingöngu:

Kjarasamningsgerð miðlægra kjarasamninga við ríkið, Reykjavíkurborg, Samtök fyrirtækja í Velferðarþjónustu og Samtök Atvinnulífsins. Stofnanasamningsgerð fyrir allar þær stofnanir sem falla undir félagið og félagsfólk þess samkvæmt lögum og skyldum.

Samningsgerð fyrir sjálfstætt starfandi félagsfólks í samningum við Sjúkratryggingar. Þjónusta samninga og tryggja hagsmuni félagsfólks í því samhengi.

Almenn stéttarfélagþjónusta : Sinna almennri réttindavörslu, styðja og veita ráðgjöf og koma fram fyrir hönd félagsfólk í þar til gerðum málum. Veita upplýsingar og ráðgjöf / lögfræðilega ráðgjöf um þau kjör sem lög og samningar tryggja þeim. Auk þess fer fram margsskonar félags og fræðslustarf er varðar kjaramál og annað slíkt.

Einnig felur kjaraaðild í sér atkvæðarétt í þeim samningum sem þú starfar eftir / átt beina aðkomu að.

Félag sjúkráþjálfara er eitt af aðildarfélagum BHM og hefur því félagsfólk aðild að sjóðum BHM.

- Orlofssjóður
- Styrktarsjóður – Opinberi markaðurinn
- Sjúkrasjóður – Almenni markaðurinn og verktakar
- Starfsþróunarsetur háskólamanna
- Starfsmenntunarsjóður

Einnig veitir BHM því til viðbótar víðtæka þjónustu varðandi greiningar, margvíslega sérfræðiaðstoð og upplýsingar og fræðslu er varðar réttindi á vinnumarkaði.



Nemaaðild:

Nemaaðild geta þeir sótt um sem hafa lokið amk. einu ári af námi á háskólastigi í sjúkráþjálfun og teljast vera virkir í námi. Með virkir í námi er því ekki átt við einstaklinga sem ljúka einu ári og hætta svo í kjölfarið og teljast ekki í því ferli að sækja sér starfsréttindi sem sjúkráþjálfarar. Þeir sem eru með nemaaðild hafa ekki atkvæðisrétt skv. lögum félagsins.

Ekki er gert ráð fyrir að nemar greiði iðgjöld til FS af ýmis konar vinnu samhliða námi.

Innifalið í nemaaðild:

Þeir sem eru með nemaaðild er heimil þátttaka í viðburðum á vegum félagsins s.s. Degi sjúkráþjálfunar, tilteknum og sérauglýstum námskeiðum fræðslunefndar, almennri fræðsludagskrá félagsins. Með nemaaðild fæst einnig aðgangur að innri vef á vefsíðu Félags sjúkráþjálfara þar sem mælitækjabanki félagsins er vistaður.

Þeir hafa ekki önnur réttindi í félaginu.

Félagsgjöld Félags sjúkráþjálfara:

Félagsgjöld Félags sjúkráþjálfara eru miðuð við fulla aðild og skiptast með eftirfarandi hætti. Kjaraaðildargjöld eru 1,1% af launum félagsfólks sem starfa sem launþegar og 1,1% af reiknuðu endurgjaldi sjálfstætt starfandi félagsfólks. Sjálfstætt starfandi skulu standa skil á félagsgjaldi mánaðarlega með skilagrein, og taka þarf fram hvaða sjóði einstaklingur vill greiða í til viðbótar til að öðlast réttindi. Fagaðildargjaldið er 22.000 kr. á ári og er greitt í tveimur greiðslum. Sendur er út gíróseðill þess efnis og afhendur reikningur til staðfestingar.

Samkvæmt lögum félagsins er félaginu heimilt að skerða þjónustu standi félagi ekki í skilum og geti ekki gefið ásættanlega ástæðu að mati stjórnar fyrir vanskilum.

Greiði félagi ekki félagsgjöld í samræmi við aðild sína í eitt ár, missir hann öll félagsréttindi sín, að undangenginni skriflegri viðvörðun. Félagi öðlast félagsréttindi sín á ný þegar árgjaldaskuldin er að fullu greidd

Almennt eru félagsgjöld ekki endurgreidd nema í sértækum tilfellum eins og t.d. vegna langvarandi veikinda, fæðingarorlofs eða annars slíks. Ef viðkomandi telst hafa notið þjónustu félagsins eða starfað eftir samningum gerðum af félaginu á umræddum tíma er ekki hægt að óska eftir endurgreiðslu félagsgjalda. Sértæk mál þarf að afgreiða sérstaklega og fara yfir af stjórn.



Gjöld í sjóði BHM:

Fyrir þá sem starfa sem launþegar hjá stofnunum, sveitarfélagi eða ríki þá er greitt í sjóði BHM skv. gildandi kjarasamningi aðila. Starfi félagi sem sjálfstætt starfandi aðili eða á almennum markaði sem ekki tekur til þessara greiðslna þarf viðkomandi að ákveða og standa í skilum á gjaldi í þá sjóði sem kosið er að greiða í með skilagrein til BHM. ([Hvernig á að senda inn skilagreinar? - BHM](#)).

Komi til þess að rof verði á greiðslum sem hefur áhrif á réttindi í tiltekinn sjóð er hægt að leiðrétta 2 mánuði aftur í tímann auk yfirstandandi mánaðar með því að senda skilagrein á skilagreinar@bhm.is. Ekki er hægt að leiðrétta meira heldur en sem nemur 3 mánuðum, og ekki er hægt að eignast réttindi aftur í tímann ef ekki hefur verið greitt skv. reglum sjóðanna.

Kjaradeildargjald er hægt að leiðrétta 12 mánuði aftur í tímann eða samkvæmt ákvörðun stjórnar.

Komi upp mál er varða leiðréttingar á gjöldum skal hafa samband við skilagreinar@bhm.is eða óska eftir frekari upplýsingum hjá skrifstofu félagsins.

5.gr. Úrsögn

Úrsögn úr félaginu þarf að vera skrifleg skv. lögum félagsins og send stjórn (netfang: sigl@bhm.is) Félagi ber ábyrgð á því að senda úrsögn og fylgja eftir að slík tilkynning hafi sannarlega borist svo hægt sé að staðfesta úrsögn.

Ef mál er varðar félagsmann eru til umfjöllunar hjá siðanefnd Félags sjúkráþjálfara, þá kemur úrsögn ekki í veg fyrir að siðanefnd ljúki máli sínu og kveði upp niðurstöðu þess máls sem til skoðunar var.

Einnig er það skýrt að ef kjaradeild félagsins á í kjaradeilu þá getur stjórn félagsins frestað gildistöku umsóknar um úrsögn þar til deilu lýkur. Þetta á þó eingöngu við deilu vegna samninga sem viðkomandi starfar eftir með beinum hætti.

6.gr. Réttindi og skyldur

Félagssólki er skylt að fara eftir lögum félagsins, siðareglum og öðrum samþykktum þess þegar ákvarðanir eru teknar með réttmætum hætti af stjórn. Skal félagið hafa gögn og samþykktir sýnilegar og eða veita upplýsingar þess efnis sé þeirra sérstaklega óskað við úrvinnslu þess máls sem unnið er að í tengslum við viðkomandi félaga.



7.gr. Málskot

Vísað er í lög félagsins varðandi reglur um málskot. En í lögum stendur eftirfarandi

„Ágreiningi, sem rísa kann á milli einstakra félaga annars vegar og stjórnar félags hins vegar um rétt eða skyldur félagsfólks má vísa til félagsfundar og er úrskurður hans endanlegur.“

„Komi félagi fram á þann hátt að ekki samræmist tilgangi félagsins, hag eða heiðri getur stjórn lagt til að honum verði vikið úr félaginu. Félagi getur vísað brottrekstri til félagsfundar og er ákvörðun félagsfundar endanleg. Þarf 2/3 atkvæða á félagsfundi þar sem slíkt mál er til meðferðar samkvæmt fundarboði til að samþykkja brottrekstur.“

Samþykkt af Stjórn Félags sjúkráþjálfara

Dagsetning: 16.1.2024